



Costco Wholesale UK Ltd
Hartspring Lane
Watford
Hertfordshire
WD25 8JS

16th February 2024

Re: ZEISS ClearView sjóngler

Kæri meðlimur,

Samkvæmt skráum Costco keyptir þú, eða einhver af viðbótarmeðlimum þínum, ZEISS ClearView sjóngler með einföldum styrkleika í Costco, vörunr. # 442286, 442287 eða 442288 milli 24. júlí 2023 og 22. nóvember 2023.

Costco bærust upplýsingar frá söluaðila okkar Carl Zeiss Vision UK Ltd um eftirfarandi:

„Carl ZEISS Vision UK Ltd tilkynnir Costco um kóðunarvillu á upplýsingatæknisviði í tengslum við ZEISS ClearView sjóngler með einföldum styrkleika sem afhent voru á tímabilinu 24/7/23 til 22/11/23. Kóðunarvillan hafði í för með sér að ZEISS ClearView sjóngler með einföldum styrkleika höfðu ekki ZEISS BlueGuard bláljósasíu innbyggða í sjónglerin. Þetta hefur engin skaðleg áhrif á heilsu augans eða styrkleika sjónglerjanna. ZEISS mun skipta um sjóngler fyrir alla meðlimi sem vilja hafa ZEISS BlueGuard bláljósasíu“.

Sjónglerin voru útbúin samkvæmt þinni forskrift og með viðeigandi **DuraVision®** Platinum húðun með fullri UV-vörn gegn útfjólubláum geislum, en án ZEISS BlueGuard bláljósasíunnar og uppfylltu því ekki vörulýsingu Costco þar sem þessi tækni er innifalin.

Zeiss BlueGuard sjóngler með bláljósavörn eru hönnuð til að draga úr álagi á augun sem kann að stafa af langvarandi skjánotkun.

Við sendum þessa tilkynningu til að upplýsa meðlimi um málið og bjóða upp á lausn. Ef þú vilt láta útbúa ný sjóngler gerum við það með ánægju. Vinsamlegast komdu við á sölustað Costco þar sem sjónglerin voru keypt og við munum panta nýtt par af ZEISS ClearView sjónglerjum með einföldum styrkleika með BlueGuard bláljósasíu fyrir umgjörðina þína samkvæmt sömu forskrift og upphaflegu sjónglerin. Við biðjum þig að gera það innan 6 mánaða frá dagsetningu þess bréfs.

ZEISS ClearView sjónglerin sem útbúin voru samkvæmt forskrift þinni eru með réttan styrkleika, ef þú vilt halda þeim og nota þau áfram þarf ekki að grípa til frekari ráðstafana.

Með kveðju

Costco Wholesale